

1863. háskóla; hafið þér og stungið uppá, að við svo búið megi standa, með því slíkt muni varla optar fyrir koma.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörði það, að stjórnarráðið leggur samþykki á, að þér hafið veitt leyfi það, sem hér er um rætt, og að menn þeir, sem hlut eiga að máli, ef þeir standast prófið, eiga kost á að verða aðnjótandi allra þeirra réttinda, sem þeir hafa, er tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík.

10. júlím. **49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun til prófaste fyrir úttekt á braudum.**

Útaf því, að E. S. Einarsen héraðsprófastur hefir reiknað sér borgun fyrir þrjár úttektargjörðir eptir hliðsjón af aukatekju-reglugjörð fyrir Ísland frá 10. september 1830, með 10 rdl. 48 sk., og látið það álit sitt í ljósi, að ef reikna ætti borgun fyrir gjörðir þessar eptir tilsk. 24. júlím. 1789 6. gr., þá ætti það að vera á þann hátt, að borgun sú, sem þar er ákveðin, sé reiknuð til álna eptir fornu verðlagi, hver alin talin $4\frac{1}{2}$ sk., og sú álnatala, er þannig fæst, aptur reiknuð til peninga eptir hinni gildandi verðlagsskrá, — hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bræfi 6. máím. þ. á. getið þess, að eigi sé lagaheimild fyrir því að reikna borgunina á þann hátt, sem Einarsen prófastur hefir gjört, heldur hafi átt að reikna borgun fyrir gjörðir þessar, svo sem Jón prestur Guttormsson, sem þær voru framkvæmdar fyrir, hafði heimtað, eptir tilskipun 24. júlím. 1789, 6. grein; hafið þér því skorað á stjórnarráðið að lýsa því yfir, hvort áðurgreind ákvörðun um borgun til prófaste fyrir úttekt á stöðum á Íslandi hafi eigi enn lagagildi, og ef svo sé, hvort þá sé rétt að breyta borguninni á þann hátt, sem Einarsen prófastur hefir farið fram á.

Í þessu efni kunngjörir stjórnarráðið yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að engin heimild er til að gjöra út um það atriði, sem hér er um rætt, á þann hátt,

að höfð sè hliðsjón af aukatekjureglugjörðinni frá 10. september 1830, en þar á móti er sú ákvörðun, sem ber að fara eptir um borgun fyrir gjörðir þessar, í tilskipun 24. júlím. 1789, 6. grein, eins og þær og hafð álitid, og að ekki getur verið umtalsmál að reikna borgun þá, sem þar er ákveðin, á þann hátt, sem prófasturinn hefir vikið á.

1863.
10. júlím.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing yfir uokkra kaffa úr nýja-testamentinu. 10. júlím.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 22. maímán. þ. á., frá Pètri prófessor Péturssyni og Sigurði Melsted, kennara við prestaskólann í Reykjavík, um styrk til að gefa út 4. hepti af riti þeirra: „þýðing yfir útvalda kaffa úr nýja-testamentinu,” hefir stjórnarráðið veitt beiðendunum 100 rdl.

Þetta sè yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess þær birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um það, að eyðijörðin Efriströnd eigi fáist keypt. 10. júlím.

Útaf bænarskrá Guðmundar bónda Jónssonar á Kornbrekkum, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 28. marzm. þ. á., um að fá til kaups fyrir 150 rdl. eyðijörðina Efriströnd í Rangárvalla sýslu, skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þær auglýsið það, að þareð ekki virðist vera hagfellt að farga um þessar mundir þjóðjörðum á Íslandi, verður það, sem hær er um beið, eigi veitt; þar á móti skal farið með jörð þessa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í bréfi stjórnarráðsins til yðar, dags. 28. febrúarm. þ. á.